

Anthony Fauci og samsæri lyfjarisa, embættismanna og stjórnvalda. Heimildamynd

Anthony Fauci (f. 1940) kom í sviðsljósið, þegar hann var skipaður yfirmaður "Ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunarinnar" (National Institute of Health and Infectious Diseases) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Anthony er firna ánægður með sjálfan sig. Hann segir:

„«Atlaga að mér, jafngildir atlögu að vísindunum.“ Á sviði læknávisinda eru það orð að sönnu. Anthony hefur verið nær alvaldur fjárveitinga til rannsókna um áratugi, bæði í heimalandinu og á alheimsvísu, stundum í samráði við samherja sína í Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (World Health Organization – WHO) og einkasjóði auðmanna eins og Bill Gates (f. 1955) og Wellcome Fund. Hann ávaxtar pund lyfjafyrirtækjanna, sjálfs sín, og stofnunar þeirrar, sem hann veitir forstöðu, eins furðulega og það hljómar.

Anthony var t.d. mjög í mun að telja almenningi trú um, að upphaflega covid-19 veiran hefði fundist í náttúrunni. Hann gekk meira að segja svo langt að sérpanta rannsóknir í því skyni að gera lygar sínar trúverðugri.

Þar með er saga Anthony ekki sögð. Ferill Anthony er ófagur, að dómi Vera Sharav (f. 1937), stofnanda „Samtaka um mannvernd við rannsóknir“ (Alliance for Human Research Protection). Hún hefur grandskoðað rannsóknir á börnum í Bandaríkjunum og víðar um árabil. Vera sagði: „Fauci fægði barasta öllum dauðu ungbörnunum undir teppið. Þau voru hliðartjón (collateral damage) á framabraut hans. Þau voru sorpbörn (throw away).“ (Úr pistlinum: „Loðnir lófar og lygar. Anthony Fauci. Týnda traustið.“)

Robert Kennedy yngri (f. 1954) hefur skrifað merka bók um þetta embættis- og vísindaofurmenni. Hún er grunnurinn að þeirri heimildamynd, sem hér má berja augum.

Spillingin er rakin frá áttunda áratugi síðustu aldar eða svo, þegar stofnun Fauci og samverkamaður hans, Robert Gallo (f. 1937), höfðu fengið að láni rannsóknarniðurstöður franska örveirufræðingsins og Nóbelsverðlaunahafans, Luc Montagnier (1932-2022) og staðhæfðu, að alnæmisveian (HIV-human immunodeficiency virus) væri orsök alnæmis (AIDS -acquired immunodeficiency syndrome). Þeir beittu m.a. PCA örverugreiningu annars Nóbelsverðlaunahafa, Kary Mullins (1944-2019) til að greina sjúkdóminn. En það vill svo til, að hann sagði það misbeitingu aðferðar sinnar, og sá fyrrnefndi hélt því aldrei fram, að alnæmisveiran væri orsök alnæmis. Þessi fróðlega saga er rakin í myndinni.

Einnig er brotin til mergjar sóðaleg og glæpsamleg saga lyfjarisanna við tilraunir á þroskaheftum börnum og/eða fósturbörnum á stofnunum í BNA og Afríku. T.d. er viðtal við fyrrnefnda Vera Sharav.

Þegar svipt var hulunni af svívirðilegum tilraunum lyfjafyrirtækjanna, í samráði við yfirvöld, skall á hrina lögsókna á fyrirtækjunum, sem beittu áhrifum sínum til að firra sig slíkri ábyrgð með lögum. Þetta er sams konar ábyrgðarfirring og þau hafa í veröldinni í dag í hinni risavöxnu tilraun sinni og heilbrigðisyfirvalda með covid-19 bóluefnin. Minnisstæðir eru í þessu sambandi tilburðir Kára Stefánssonar og Þórólfs Guðnasonar til að gera Íslendinga að sérstökum tilraundýrum Pfizer.

Það er af mörgu að taka, en læt hér staðar numið. Boðskapur myndarinnar og þær staðreyndir, sem þar eru bornar á borð, eru í alla staði ónotalegur kostur þeim, sem lifa og hrærast í þeirri barnatru, að öll yfirvöld séu okkur góð og hliðholl, að allir lækna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn. vilji okkur vel og að vísindi séu ein og söm, birtingarmynd sannleikans sjálfs. Myndin skekur óneitanlega tilvistartraustið, gæti komið okkur úr jafnvægi.

Það er hálf nóturleg tilviljun, að sama dag og heimildamyndin kemur fyrir sjónir almennings, skuli hinn nýi sóttvarnalæknir hvetja landa sína til að láta sprauta sig enn einu sinni með bóluefni eða lyfi, sem óvilhallir rannsakendur hafa sýnt fram á með óyggjandi hætti að séu afar varhugaverð heilsu fólks og steindrepi fjölda manns. Nýi sóttvarnalæknirinn fetar ótrauður í spor forvera síns og Pfizervinar, sem kvaddi kóng og prest með fingurkossi í beinni útsendingu RÚV, og kvaðst sáttur við embættisgjörning sinn.

<https://www.therealanthonyfaucimovie.com/viewing/>